

Föstudaginn 7. apríl 1995.

Nr. 118/1995.

Ákærvaldið

(sýslumaðurinn í Keflavík)

gegn

Björgvin Þór Hólm

(Ásgeir Jónsson hdl.)

Kærumál. Kæruheimild. Bráðabirgðasvipting ökuréttar. Frávísun frá Hæstarétti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Garðar Gíslason, Gunnlaugur Claessen og Markús Sigurbjörnsson.

Varnaraðili skaut málinu til Hæstaréttar með kæru 31. mars 1995, sem barst réttinum ásamt kærumálgögnum 4. apríl sl. Kærður er úrskurður Héraðsdóms Reykjaness 29. mars 1995 með heimild í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga nr. 50/1987. Krefst varnaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og að tekin verði til greina krafa hans um, að felld verði úr gildi bráðabirgðasvipting ökuréttinda. Hann krefst og kærumálskostnaðar.

Sóknaraðili krefst þess, að málinu verði vísað frá Hæstarétti, en til vara, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur.

Í máli ákærvalds á hendur varnaraðila hófst aðalmeðferð 28. mars sl., en var frestað á dómþingi 29. sama mánaðar til 10. apríl vegna fjarveru eins vitnis. Í því þinghaldi bar varnaraðili fram kröfu þá, er kærumál þetta fjallar um.

Í 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991 um meðferð opinberra mála er tæmandi talning þeirra úrskurðaratriða, sem kærð verða til Hæstaréttar, eftir að aðalmeðferð er byrjuð. Gengur það ákvæði framár kæruheimildinni í 1. mgr. 103. gr. umferðarlaga. Engin heimild er fyrir kæru þessari í 2. mgr. 142. gr. laga nr. 19/1991. Ber því að vísa málinu frá Hæstarétti.

Kærumálskostnaður dæmist ekki.

D ó m s o r ð:

Máli þessu er vísað frá Hæstarétti.